



Alþingi  
Erindi nr. P 140/106  
komudagur 8.11.2011

Atvinnuveganefnd Alþingis  
c/o Kristján Möller formaður

Umsögn Valorku ehf um þingskjal 7; mál 7 á yfirst. þingi:  
„Tillaga til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi“

Valorka ehf er nýsköpunarfyrirtæki sem vinnur að þróun eina íslenska hverfilsins sem ætlaður er til virkjunar hægstrauma (sjávarfallastrauma og hægstreymandi vatnsfalla). Hverfillinn er uppfinning Valdimars Össurararsonar og er í fremstu röð á heimsvísu þeirra hverfla sem munu nýta strauma utan fjarða og sunda. Hverfillinn var valin besta uppfinning heims árið 2011 af Alþjóðasamtökum uppfinningamanna; IFIA, og voru verðlaun afhent í Stokkhólmi 5. október sl. Auk þróunar hverfilsins vinnur Valorka ehf að rannsóknum á sjávarfallastraumum við Íslandsstrendur í samstarfi við Hafrannsóknastofnun og Verkís, með verkefninu „Rannsóknamiðstöð sjávarorku“.

Valorka ehf leggur hér með fram eftirfarandi umsögn um ofangreint þingmál:

**Um tillöguna í heild og inngang hennar:**

Valorka ehf fagnar þessari tillögu í heild sinni og telur hana skýrt merki um aukna ábyrgðarkennd stjórnvalda í hagstjórn sinni. Hér er í fyrsta sinn gerð tilraun til að flétta saman ábyrga umhverfisstefnu og hagstjórn á heildstæðan og víðtækan hátt.

Hér er metnaður í fyrirrúmi, þar sem í inngangi er gert ráð fyrir að Ísland skipi sér í fremstu röð á alþjóðavettvangi með áherslu á hreina náttúru, sjálfbæran orkubúskap, nýsköpun og menntun til sjálfbærni. Þau markmið eru mjög raunhæf varðandi þessa tilgreindu þætti og jafnvel fleiri. Hér mætti bæta við „nýjungar í tækni til nýtingar sjálfbærra orkulinda“, en þar erum við nú þegar í fremstu röð á nokkrum sviðum, s.s. virkjun sjávarfalla utan sunda og í ýmsum þáttum jarðhita.

Listi í inngangi greinir þá þætti sem græna hagkerfið mun byggja á. Hann er ágætur svo langt sem hann nær, en margt er þar almennt orðað og því háð vilja stjórnvalda á hverjum tíma.

Hér er þó ástæða til að gera athugasemd við orðanotkun í staflið c, en hann hljóðar svo:

„Megnunarbótareglan verði grunnur að gjaldtöku“. Samkvæmt Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisins er orðið „mengunarbótaregla“ þýðing á „polluter pays principle“ og sagt ganga útá að notendur, framleiðendur og dreifingaraðilar vöru taki meðvitaða ábyrgð á úrgangi sem fylgir vörunni. Mengunarbótareglan er því sjálfsagður grunnur að gjaldtöku þar sem hún á við. Hinsvegar er hún ófullnægjandi grunnur gjaldtöku þegar um er að ræða annað, t.d. orku með uppruna í starfsemi sem hefur ótvírætt neikvæð umhverfisáhrif. Má þar nefna sem dæmi vatnsafsvirkjanir og jarðhitavirkjanir með mikil umhverfisáhrif. Lágt verðlag þeirrar orku hérlandis hefur hingað til byggst á því að þessi orkuframleiðsla hefur ekki þurft að greiða fyrir þau umhverfisspjöll sem hún veldur.



Þessu er nauðsynlegt að breyta ef grænt hagkerfi á að verða að veruleika. Valorka ehf leggur því til að í stað orðsins „mengunarbótaregla“ komi „umhverfisgjöld“ með viðeigandi skýringum.

Í þessa upptalningu vantar einn lið, en það er aukin áhersla stuðningsumhverfis nýsköpunar á græna orkutækni. Þessi liður myndi styðja við hinn ágæta og nauðsynlega lið 18, um „Grænan samkeppnissjóð“. Hugsanlega má segja að liðir b, e og f nái yfir þetta að hluta, en alls ekki nægilega afgerandi. Lagt er því til að eftirfarandi stafliður bætist við: „i. Stutt verði við þróun nýsköpunar á sviði grænnar orkutækni“. Ástæðuna þarf ekki að orðlengja; nægir að benda á hve illa gekk í byrjun að afla skilnings samkeppnissjóða á verkefni Valorku ehf. Verkefnið tafðist í upphafi vegna fjölda synjana og skilningsleysis en þegar það loks komst af stað kom í ljós að þetta er vænlegasta nýsköpunarverkefnið hérlendis á sviði grænnar orku. Um það vitnar m.a. framangreind viðurkenning sem besta uppfinning heims og einnig mat Orkusjóðs á þessu ári.

#### Um einstaka töluliði tillögunnar:

1. Spurning er hvort það markmið er raunhæft að efling græns hagkerfis verði „forgangsverkefni í atvinnustefnu stjórnvalda“. Forgangsverkefnið hlýtur alltaf að vera að halda viðunandi atvinnustigi. E.t.v. væri heppilegra að orða þetta þannig: „Efling græns hagkerfis skal lögð til grundvallar við alla stefnumótun atvinnu- og byggðamála“.
7. Ástæða er til að lýsa sérstakri ánægju með þennan tölulið. Hingað til hefur á það skort við umhverfismat framkvæmda að raunverulegt kostnaðarmat sé lagt á umhverfisfórnir. Lágt raforkuverð frá vatnsafls- og jarðhitavirkjunum hérlendis skýrist einkum af því að þessi kostnaður hefur ekki verið reiknaður til gjalda: Fórn náttúrugæða hefur hvorki verið metin til fjár né bætt. Fyrir þetta framferði nútímakynslóða munu komandi kynslóðir þurfa að búa við skert náttúrugæði. Vonandi mun þetta ákvæði breyta því, verði því framfylgt.
18. Hér er á ferð einn merkasti liður þessarar tillögu, og líklega sá sem skapa mun mestan efnahagslegan ábata til framtíðar. Íslendingar hafa ekki látið sitt eftir liggja í umhverfisvænni nýsköpun. Á ýmsum sviðum höfum við nú tækfæri til að skapa okkur sérstöðu og komast í fremstu röð, og á það einkum við nokkur svið umhverfisvænnar orkuframleiðslu. Þetta er sérstaklega mikilvægt í ljósi þeirrar eftirspurnar eftir hreinni orku sem nú fer ört vaxandi á heimsvísu. Við höfum nú t.d. tækifæri til að verða fyrsta þjóðin til að hefja framleiðslu á tækni til nýtingar sjávarfallaorku á hinum gífurlega víðattumiklu hafsvæðum við strendur utan fjarða. Öflugur stuðningur nýsköpunarsjóða er frumskilyrði þess að gagnleg verkefni nái að komast á legg. Þetta verður ekki gert með afgerandi hætti nema með sérhæfðum sjóði af því tagi sem hér er lagt til.
- 19.-24. Um þessa liði gildir að mestu sama umsögn og lið 18, enda er hér ágætlega tekið á málum varðandi fjármögnun og annan stuðning við verkefni sem undir þetta svið heyra. Hugsanlega getur þurft frekari aðlögun og stefnumörkun, en reynsla mun leiða það í ljós.
25. Mikilvægur liður í þessum tillögum er sá sem minnst er á í niðurlagi þessarar greinar: „að sjálfbærnimennt verði eðlilegur hluti af öllu skólustarfi“. Rétt hefði verið að hafa um þetta sérstakan tölulið og bæta þar við: „... og skilgreind í aðalnámskrám“.

Ekki er gerð athugasemd við þá liði sem hér eru ekki upp taldir. Í heildina er þar um að ræða þarfar og góðar vörður til stuðnings meginmarkmiði tillögunnar. Hinsvegar þarf að athuga eftirfarandi:



**Það sem vantar:**

Ekki verður betur séð en að í þessar tillögur skorti tilfinnanlega lið sem snertir meginhagsmuni þjóðarinnar á sviði fiskveiða og umhverfis annarsvega og orkuvinnslu hinsvegar. Hér er átt við hina fjarstæðukenndu draumóra sem sumir ala nú með sér um olíuvinnslu í íslenskrri efnahagslögsögu. Ljóst má vera að lítið gagn er að þessum tillögum ef á engan hátt er tekið á þeirri gífurlegu umhverfislegu áhættu sem verður samfara olíuborun á margra kílómetra dýpi nærri fengsælum fiskislóðum og í óspilltri náttúru. Þarf í því efni að leiða hugann að stórslysinu sem nýlega varð í Mexíkóflóa þegar borpallurinn Deepwater Horizon fórst, og olli mesta olíumengunarslysi síðari tíma. Færstu sérfræðingar; stærstu olíufélög og mesta efnahagsveldi heims stóðu ráðþrota um langa hríð þar til hugvitsmönnum tókst að finna lausnir sem dugðu til að teppa holuna. Og svo halda sumir Íslendingar í ofmetnaði sínum að þeir séu meiri sérfræðingar í djúpborun af þessu tagi! Slík fífdirfska á lítið skylt við megintilgang þessarar tillögu og getur ekki farið saman með hugmyndum um grænt hagkerfi.

Því er hér gerð tillaga um að eftirfarandi grein bættist við:

48. „Ekki verði leyfðar olíuboranir, námagröftur eða aðrar slíkar framkvæmdir í íslenskrri efnahagslögsögu sem hugsanlega hafa mengandi áhrif í för með sér nema að fengnu álitni óháðra sérfræðinga um þá hættu sem lífríki og öðru umhverfi getur stafað af framkvæmdunum. Náttúran verði látin njóta hugsanlegs vafa“.

Um þetta má eflaust finna hentugra orðalag, auk þess að kveða á um ábyrgðaraðila og tímasetningu, en ákvæði í þessa veru má ekki vanta í þessa annars ágætu tillögu.

Að öðru leyti er þeim óskað til hamingju með vel unnið plagg sem að tillögunni standa; undirbúningshópnum, flutningsmönnum og öðrum. Vonandi verður tillagan samþykkt á Alþingi og eitthvað tillit tekið til framangreindra ábendinga.

Virðingarfyllst

08.11.2011

Valorka ehf

Valdimar Össurason, frkvstj.